

# Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn

Staða salernismála á  
ferðamannastöðum

Maí 2016





## SKÝRSLA - UPPLÝSINGABLAÐ

Titill skýrslu		Tegund skýrslu	
Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn – Staða salernismála á ferðamannstöðum		Áfangaskýrsla	
Verkheiti		Verkkaupi	
Uppbygging salernis- og þjónustuaðstöðu fyrir ferðaþjónustuna til skemmri og lengri tíma		Stjórnstöð Ferðamála	
Verkefnisstjóri - EFLA	Verkefnisstjóri / fulltrúi verkkaupa		
Reynir Sævarsson	Hörður Þórhallsson		
Höfundur	Skýrslunúmer	Verknúmer	Fjöldi síðna
Snævarr Örn Georgsson	1	4883-001	10
Útdráttur			
<p>Stjórnstöð ferðamála óskaði eftir ráðgjöf EFLU varðandi forgangsröðun staða þar sem nauðsynlegt þykir að fjölga salernum fyrir ferðamenn til að geta með bættu móti tekið á móti þeim mikla fjölda ferðamanna sem búist er við á komandi árum. Hér er lýst hvernig mat á aðgengi að salernisaðstöðu á hverjum stað fór fram og niðurstöðum ástandsgreiningarinnar. Einnig var kannað hvort að fýsilegt væri að koma upp bráðabirgða salernisaðstöðu á þeim ferðamannastöðum þar sem ástandið er hvað verst en svo reyndist ekki vera.</p>			
Lykilorð			
Staða skýrslu		Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs	
<input type="checkbox"/> Í vinnslu		<input checked="" type="checkbox"/> Opin	
<input type="checkbox"/> Drög til yfirlestrar		<input type="checkbox"/> Dreifing með leyfi verkkaupa	
<input checked="" type="checkbox"/> Lokið		<input type="checkbox"/> Trúnaðarmál	



## Útgáfusaga

Nr.	Höfundur		Rýnt		Samþykkt	
	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.
	Snævarr Örn Georgsson	12.5.2016	Ingi Ingason, Reynir Sævarsson	13.5.2016	Reynir Sævarsson	13.5.2016

## EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT .....	I
MYNDASKRÁ.....	II
<b>1 INNGANGUR.....</b>	<b>1</b>
1.1 Salernisaðstaða á ferðamannastöðum .....	1
<b>2 AÐFERÐARFRÆÐI .....</b>	<b>2</b>
2.1 Gagnaöflun.....	2
2.2 Fjöldi ferðamanna á ferðamannastöðum .....	2
2.3 Ferðamannastöðum skipt í flokka.....	2
<b>3 NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>3</b>
3.1 Stöðukort .....	3
3.2 Einstakir staðir.....	5
3.3 Svæði.....	6
3.4 Hringvegurinn .....	6
3.5 Aðrir staðir .....	6
3.6 Bráðabirgðasalerni fyrir sumarið 2016 .....	7
<b>4 KORTLAGNING ÞARFAR Á VEGASALERNUM VIÐ HRINGVEG ÍSLANDS.....</b>	<b>8</b>
<b>5 SAMANTEKT .....</b>	<b>9</b>
<b>6 HEIMILDIR .....</b>	<b>10</b>
<b>VIÐAUKI A.....</b>	<b>11</b>
<b>VIÐAUKI B.....</b>	<b>19</b>

## MYNDASKRÁ

<b>Mynd 1:</b> Ástand salernismála á helstu ferðamannastöðum að degi til um sumar. ....	3
<b>Mynd 2:</b> Ástand salernismála á helstu ferðamannastöðum um miðnætti að sumri til.....	4
<b>Mynd 3:</b> Ástand salernismála á helstu ferðamannastöðum að degi til um vetur. ....	4
<b>Mynd 4:</b> Aðgengileg salerni meðfram hringveginum. Græn lína sýnir dagopnun (u.þ.b. kl. 9-17), blá lína kvöld- og næturofnun (opið fram eftir kvöldi eða alla nóttina) og rauð lína staði þar sem engin salerni er að finna.....	8

## 1 INNGANGUR

### 1.1 Salernisaðstaða á ferðamannastöðum

Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein á Íslandi og innviðir ferðaþjónustunnar afar mikilvægur þáttur í þjónustu við ferðamenn. Ein af meginstöðum ferðaþjónustu eru samgöngur á milli staða og aðgengi að vinsælum áfangastöðum. Víða er aðgengi að salernisaðstöðu takmarkað og mörg af þeim salernum sem ferðamenn nota á leið sinni um landið að finna á matsölustöðum, söluturnum, ferðamannastöðum, gistiheimilum o.fl. Nokkrir annmarkar eru á því að skilgreina salerni á þess háttar þjónustueiningum sem almenningsalerni, þar sem slíkir staðir eru yfirleitt lokaðir um kvöld og nætur, og einnig getur opnunartími þeirra verið árstíðabundinn. Það er þess vegna nauðsynlegt að tryggja aðgengi að almenningsalernum með jöfnu millibili á þjóðvegum landsins og við helstu ferðamannastaði, allan ársins hring og hvenær sólarhringsins sem er.

Reynsla ferðaþjónustunnar undanfarin ár hefur sýnt að hinn hraði og mikli vöxtur í fjölda ferðamanna kallar á skjótar aðgerðir á vissum sviðum. Þar á meðal þykir orðið brýnt að bæta salernisaðstöðu fyrir ferðamenn víða um land, bæði í þéttbýli sem og á fjölmönnum ferðamannastöðum.

Stjórnstöð ferðamála óskaði eftir ráðgjöf EFLU varðandi umfang á skorti á salernisaðstöðu um landið og forgangsröðun staða þar sem nauðsynlegt þykir að fjölga salernum fyrir ferðamenn til að geta með bættu móti tekið á móti þeim mikla fjölda ferðamanna sem búist er við á komandi árum. Ljóst er að mismunandi staða skipulagsmála á hverjum stað og mismunandi eignarhald á ferðamannastöðum og landi þar við kallar á sérstaka nálgun fyrir hvern stað. Þar af leiðandi er ekki raunhæft að ætla að leysa þennan vanda fyrir allt landið í einum áfanga en vinna EFLU miðar að því að hægt sé að forgangsraða þeim stöðum á landinu þar sem mikilvægast þykir að fjölga salernum, og leggja áherslu á að bæta salernisaðstöðu á þessum útvöldu stöðum sem fyrst þar sem skipulagsmál og eignarhald heimila skjótar aðgerðir.

Er þetta fyrsta áfangaskýrslan af þrem sem birtar verða en verkefninu er skipt upp í eftirfarandi áfanga;

- Ástandsgreining: Greining á stöðu salernismála á ferðamannastöðum og aðgengi að salernum meðfram þjóðvegi 1.
- Þarfagreining: Forgangsröðun ferðamannastaða, fjöldi salerna sem þarf á hverjum stað og kostnaðarmat.
- Rekstrarform: Rekstur salerna á ferðamannastöðum og meðfram þjóðvegi 1. Athugun á því hvort mögulegt sé að nýta núverandi mannvirki (skóla, félagsheimili, söfn o.s.frv.) á vandamálasvæðum til að bjóða upp á salernisaðstöðu fyrir ferðamenn.

## 2 Aðferðarfræði

### 2.1 Gagnaöflun

Til að afla upplýsinga um stöðu mála á ferðamannastöðum víða um land var ákveðið að eiga samtöl við starfsfólk innan ferðapjónustunnar sem hefur persónulega reynslu af þessum stöðum og heimsækir þá mjög reglulega. Í mars og apríl 2016 var haft samband við leiðsögumenn, rútubílstjóra, fulltrúa þjóðgarða, fulltrúa sveitarfélaga og fleiri sem hafa ólíka aðkomu að viðfangsefninu til að afla upplýsinga um ástand og stöðu salernismála á ferðamannastöðum um land allt. Alls var rætt við tæplega 50 aðila í þessum tilgangi. Eftirfarandi niðurstöður í kafla 3 byggja á samtölum við þessa aðila, sem vinna á þessum stöðum allan ársins hring, og þeirra reynslu.

Í upphafi verkefnisins var settur saman listi yfir helstu ferðamannastaði í hverjum landshluta þar sem kanna ætti salernisaðstöðu, en við þann lista bættust svo fljótlega aðrir minni ferðamannastaðir eftir ábendingar frá aðilum í ferðapjónustuiðnaðinum. Áhersla var lögð á ferðamannastaði utan þéttbýlis.

### 2.2 Fjöldi ferðamanna á ferðamannastöðum

Tölur um fjölda ferðamanna á hverjum stað koma í flestum tilvikum frá Ferðamálastofu (Ferðamálastofa, 2016), sveitarfélögum, talningum Rögnavalda Ólafssonar (Ólafsson & Þórhallsdóttir, 2015) eða talningum Rögnavalda Guðmundssonar (*Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar ehf*) (Guðmundsson, 2016) (Guðmundsson, 2015). Þar sem ekki voru til tölur um fjölda ferðamanna voru þær áætlaðar út frá fjölda ferðamanna á öðrum ferðamannastöðum innan sama svæðis.

### 2.3 Ferðamannastöðum skipt í flokka


Eftir samtöl við aðila innan ferðapjónustunnar og fulltrúa sveitarfélaga voru ferðamannastaðir greindir í fjóra flokka eftir því hversu gott eða slæmt ástand salernisaðstöðu var metið á hverjum stað.

- *Í lagi* eru staðir þar sem viðunandi salernisaðstaða er fyrir hendi og hún annar þeim fjölda gesta sem staðinn sækja.
- *Við þolmörk* eru staðir þar sem viðunandi salernisaðstaða er fyrir hendi en hún nær varla að anna þeim fjölda gesta sem að staðinn sækja.
- *Ábótavant* er þar sem salernisaðstaða er til staðar en er ekki viðhaldið eða annar ekki þeim fjölda gesta sem staðinn sækja. Einnig eru þetta staðir þar sem engin salernisaðstaða er fyrir hendi en ekki jafn brýnt forgangsatríði að bæta úr að mati ferðapjónustuaðila.
- *Slæmt ástand* er þar sem engin salernisaðstaða er fyrir hendi en nauðsynlega vantar eða þá að hún er svo fátækleg miðað við fjölda ferðamanna að úrbætur eru nauðsynlegar.

### 3 Niðurstöður


#### 3.1 Stöðukort

Til að sýna niðurstöður á sem skýrastan og einfaldastan hátt voru gerð þrjú kort sem sýna stöðu salernismála á helstu ferðamannastöðum um allt land. Fyrsta kortið sýnir stöðuna á venjulegum sumardegi þegar öll aðstaða er almennt opin og þjónusta til staðar. Seinni tvö kortin sýna stöðuna utan hefðbundinna opnunartíma ferðamannastaða, að sumri til og um miðjan dag að vetri til. Kort þessi má sjá á myndum 1 til 3 og stærri útgáfu má finna í viðauka 2. Yfirlit um stöðu mála á öllum þeim stöðum sem til athagnar komu má svona finna í viðauka 1.




Mynd 1: Ástand salernismála á helstu ferðamannastöðum að degi til um sumar.





Mynd 2: Ástand salernismála á helstu ferðamannastöðum um miðnætti að sumri til.



Mynd 3: Ástand salernismála á helstu ferðamannastöðum að degi til um vetur.

### 3.2 Einstakir staðir

Einstakir staðir sem komu verst út, og viðmælendur voru sammála um að nauðsynlegt væri að ráðast þar í úrbætur sökum aðstöðuleysis og fjölda gesta, voru;

- Jökulsárlón
- Goðafoss
- Dettifoss
- Seljalandsfoss
- Grábrók
- Látrabjarg
- Hjalparfoss
- Dyrhólaey
- Kerið

Áform eru um að bæta aðstöðu í sumar við Hjalparfoss og Dyrhólaey. Við Hjalparfoss ætla sveitarfélagið, ásamt Skógrækt ríkisins, að koma upp heilsársalernisaðstöðu en til þess fékkst styrkur úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða í mars 2016. Í Dyrhólaey hefur verið veitt framkvæmdaleyfi fyrir aðstöðu samkvæmt samþykktu deiliskipulagi fyrir Dyrhólaey. Til stendur að koma upp sjálfsafgreiðslusalernum á lágeynni líkt og er að finna á Hakinu við Þingvelli. Þessar framkvæmdir fara af stað fyrir sumarið 2016 og eru á vegum Mýrdalshrepps og Umhverfisstofnunar. Myndir 1 til 3 eiga að sýna stöðuna eins og hún verður í sumar og næsta vetur og því hefur verið tekið tillit til þessara framkvæmda á myndunum.

Allir viðmælendur voru sammála um að Jökulsárlón væri sá staður á landinu þar sem aðstæður eru verstar í dag. Við Jökulsárlón eru deilur milli landeigenda sem stöðvað hafa alla uppbyggingu og er jörðin komin í almennt sölufarli skv. ákvörðun Sýslumannsins á Suðurlandi. Við Goðafoss hefur verið hægt að komast á salerni í verslun og á gistiheimili á Fosshóli. Hinsvegar er búið að loka fyrir salernin á gistiheimilinu og ætla verslunareigandinn að koma fyrir salernisgámi til að vega upp á móti því. Rúmur hálfur kílómetur er frá bílastæðinu við Goðafoss að versluninni á Fosshóli. Við Dettifoss hefur Vatnajökulsþjóðgarður nú þegar látið hanna salernishús og fjármagnað byggingu þess en framkvæmdir hafa ekki getað hafist vegna ágreinings við landeigendur. Við Seljalandsfoss er salernishús sem annar engan veginn þeim fjölda gesta sem að staðinn sækja. Sveitarfélagið sótti um styrk í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða til að koma upp viðbótar bráðabirgða aðstöðu við Seljalandsfoss en fékk ekki. Grábrók er mjög fjölsóttur ferðamannastaður við Þjóðveg 1. Þar er ekkert salerni við bílastæðið en samkomulag hefur náðst um að ferðamenn geti nýtt sér salerni í Hreðavatnsskála. Á Látrabjargi er mjög fátækleg salernisaðstaða við tjaldstæðið að Brunnum í Látravík sem annar engan veginn eftirspurn og er í um tveggja kílómetra fjarlægð frá bjarginu sjálfu. Styrkur fékkst úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða í mars 2016 til að byggja upp salernisaðstöðuna að Brunnum í Látravík en á Látrabjargi sjálfu verður ástandið óbreytt sumarið 2016. Við Látrabjarg verja ferðamenn jafnan góðum tíma í að ganga um svæðið og fylgjast með fuglum og nauðsynlegt er að hafa salernisaðstöðu þar sem ferðamenn dvelja lengi á sama stað. Við Kerið þurfa gestir að greiða aðgangseyri en enga salernisaðstöðu er þar að finna.

### 3.3 Svæði

Þrjú svæði með mikið aðdráttarafl voru nefnd sem svæði þar sem nauðsynlega þarf að byggja upp salernisaðstöðu;

- Snæfellsnes: Mikill ferðamannastraumur er um nesið og marga vinsæla ferðamannastaði er þar að finna. Sáráltil salernisaðstaða stendur ferðamönnum til boða, sérstaklega á sunnanverðu nesinu. Einkaaðilar eru sumir hættil að taka á móti rútum og aðrir staðir anna ekki fjöldanum. Snæfellsnesið er orðið að mikilvægu svæði hvað varðar vetrarferðamennsku en þá eru enn færri salerni aðgengileg. Ný gestastofa Snæfellsjökulþjóðgarðar á Malarrifi bætir ástandið en mikil þörf er á frekari uppbyggingu.
- Reykjanes: Svæði sem er mjög stutt frá Reykjavík og umferð sífellt að aukast. Margir vinsælir ferðamannastaðir en lítil sem engin salernisaðstaða utan þéttbýlis. Mjög mikilvægt ferðamannasvæði á veturna.
- Austanvert Mývatnssvæðið: Á þessu svæði er að finna marga mjög fjölsóttu ferðamannastaði en aðstaða er annað hvort engin eða í engu samræmi við fjölda gesta. Erfitt hefur reynst að ná samningum við landeigendur sem tafið hefur uppbyggingu á svæðinu.

### 3.4 Hringvegurinn

Leiðsögumenn og bílstjórar nefndu sérstaklega tvo kafla á þjóðvegi 1 þar sem enga salernisaðstöðu er að finna en sárlega vantar;

- Höfn – Djúpvogur: Á þessum rúmlega 100 km kafla er mikið um stutt stöpp, t.d. Stokksnes, Almannaskarð, Hvalnesfjara, Hvalnesskriður, Þvottárskriður og selaskoðunarstöpp. Enga salernisaðstöðu er þó að finna á þessari leið.
- Mývatn – Egilsstaðir: Þessi hluti þjóðvegarins er 165 km langur og á honum er að finna nokkra vinsæla útsýnisstaði þar sem ferðamenn vilja gjarnan stoppa. Möguleiki er að komast á salerni á gistiheimilinu á Skjöldólfsstöðum í Jökuldal en þangað eru engu að síður 114 km frá Mývatni.

### 3.5 Aðrir staðir

Aðrir ferðamannastaðir þar sem aðstaðan er lítil sem engin og þarfnast úrbóta, en eru ekki jafn fjölsóttir og ofangreindir staðir eða vandræði á staðnum hafa ekki verið jafn mikil, eru;

- Hengifoss
- Helgustaðanámur
- Borgarvirki
- Aldeyjarfoss
- Kolugljúfur
- Glymur
- Gjáin í Þjórsárdal

Við Helgustaðanámur verður sett upp salernishús fyrir sumarið og við Hengifoss er búið að lengja opnunartíma núverandi salernishúss með því að tengja rafmagn í húsið. Á hinum stöðunum sem listaðir eru upp eru ekki nein áform uppi um bættu aðstöðu.

### 3.6 Bráðabirgðasalerni fyrir sumarið 2016

Í framhaldi af niðurstöðum þarfagreiningarinnar var kannað hvort fýsilegt væri að koma upp bráðabirgðalausnum, sem aðeins þarfnaðist stöðuleyfis (lengst veitt til 12 mánaða), frá og með sumrinu 2016 á þeim stöðum þar sem ástand salernismála er hvað verst. Þessi tímabundna lausn þyrfti að vera boðleg á öllum tímum, vel viðhaldið og ekki lýti á landslaginu. Horft var til snyrtilegra gámalausna með 6-8 salernum hver, vöskum, speglum og gólfefni. Samráð var haft við Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, skipulagsfulltrúa, Ferðamálastofu og fleiri. Niðurstaðan var að bráðabirgðalausnir væru ekki fýsilegur valkostur. Helstu ástæður eru;

- **Skipulagsmál** – Stöðuleyfi þarf fyrir tímabundnum lausnum og þarf að vera föst lokadagsetning sem tilgreinir hvenær fjarlægja þarf aðstöðuna. Niðursetning rotþróa og hverskyns jarðrask krefst hinsvegar framkvæmdaleyfis og þarf að vera í samræmi við deiliskipulag svæðisins. Sækja þarf um öll leyfi til sveitarfélagsins. Umsóknir um öll nauðsynleg leyfi og hönnun tekur einnig tíma sem ekki er fyrir hendi fyrir sumarið 2016.
- **Afhendingartími** – Við skoðun á bráðabirgðalausnum og í samskiptum við söluaðila kom fram að á þeim gámaeinungum sem uppfylla kröfur og henta best er afhendingartími um 4 mánuðir og yrðu þær þ.a.l. ekki tilbúnar fyrir sumarið 2016.
- **Vatn og rafmagn** – Ekki er mögulegt að komast í vatn og rafmagn á öllum ferðamannastöðunum. Þar sem ekki er hægt að komast í vatn þarf annaðhvort að;
  - Bora eftir vatni
  - Finna yfirborðsvatnsból og vatnið þá óhæft til neyslu
  - Vera með þurrsalerni

Þar sem ekki er hægt að komast í rafmagn þyrfti sólarcellur eða vindmyllur til að knýja viftur og ljós. Einungis er hægt að hafa vatnssalerni opið á veturna ef nægt og öruggt rafmagn er til staðar eða þá að vera með þurrsalerni. Þurrsalerni með innbyggðum safntönkum krefjast mikilla þrifa og viðhalds við að tæma tanka og skipta út vökva. Því er óvíst hversu vel þurrsalerni myndu reynast á fjölsóttum ferðamannastöðum þar sem gestir skipta þúsundum á degi hverjum.

- **Rekstur** – Mikil óvissa ríkir um rekstur salernanna og rekstrarkostnað. Mannskapur þarf að vera til staðar til að þrifa og viðhalda salernunum og þar sem eru þurrsalerni þarf tankbíll að tæma klósettþankana reglulega.
- **Ekki vilji fyrir bráðabirgðalausnum** – Fulltrúar Umhverfisstofnunar, Ferðamálastofu og Skipulagsstofnunar töldu hættu á að bráðabirgðalausnir myndu hægja á eða stöðva uppbyggingu á varanlegum lausnum. Möguleiki er að tímabundna lausnin í lengist og farið verði að nota hana sem varanlega lausn.
- **Annað** – Deilur milli/við landeiganda koma á nokkrum stöðum í veg fyrir alla uppbyggingu, bæði varanlega og tímabundna.

#### 4 Kortlagning þarfar á vegasalernum við hringveg Íslands

Samhliða ástandsgreiningu salernisaðstöðu á ferðamannastöðum hefur EFLA unnið að greiningu á salernisaðstöðu meðfram þjóðvegi 1. Verkið var styrkt af Rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar og verður lokaskýrsla birt snemmsumars 2016.

Á Íslandi eru samgöngur á landi bundnar við akstur á einka- eða langferðarbílum, og hefur Vegagerðin umsjón með 194 áningarstöðum víðsvegar um landið fyrir akandi vegfarendur (Vegagerðin, 2016). Markmið áningarstaðanna er að ferðamenn geti á þægilegan og öruggan hátt staldrað við og notið náttúrunnar og skoðað áhugaverða staði. Aðbúnaður á áningarstöðunum er misjafn; víða eru borð og bekkir ásamt skiltum með þjónustuupplýsingum og fróðleik um sögu nánasta umhverfis (Vegagerðin, 2016). Hins vegar er salernisaðstaða á áningarstöðum ekki í umsjón Vegagerðarinnar. Megin markmið þessa verkefnis var þó ekki að fjalla um mögulegt hlutverk Vegagerðarinnar gagnvart vegasalernum og rekstri þeirra heldur að skilgreina staði á þjóðvegi 1 (hér eftir kallaður „hringvegurinn“), þar sem þörf er talin vera á fleiri vegasalernum. Til að meta þörf fyrir fjölda vegasalerna var miðað við umferðarálag á viðkomandi vegi eða vegkafla en einnig var notast við talningar á ferðamönnum á helstu ferðamannastöðum landsins. Að lokum voru lagðar fram tillögur að vegköflum á hringveginum þar sem fjölga þyrfti vegasalernum og gert var gróflegt kostnaðarmat á uppsetningu slíkrar þjónustu.



**Mynd 4:** Aðgengileg salerni meðfram hringveginum. Græn lína sýnir dagopnun (u.þ.b. kl. 9-17), blá lína kvöld- og nætuopnun (opið fram eftir kvöldi eða alla nóttina) og rauð lína staði þar sem engin salerni er að finna.

Niðurstöður þær sem sýndar eru á mynd 4 eru í samræmi við þær niðurstöður sem fjallað var um í kafla 3. en þar voru eftirfarandi tveir vegkaflar á hringveginum nefndir sérstaklega þar sem vantar salernisaðstöðu, allan sólarhringinn en ekki bara á kvöldin og nóttunni:

- Höfn – Djúpvogur
- Mývatn – Egilsstaðir

Frekari niðurstöður um tillögur að fjölgun vegasalerna, rekstur og kostnaðarmat er að finna í skýrslunni sem verður birt í lok maí 2016.

## 5 Samantekt

Við marga af helstu ferðamannastaðum landsins er salernisaðstaða mjög fátækleg og sumstaðar hreinlega ekki til staðar. Þar sem hún er til staðar er hún oft á höndum einkaaðila sem bjóða upp á salerni fyrir sína viðskiptavinum, t.d. bensínsstöðvar, matsölustaðir og minjagripabúðir. Utan hefðbundins opnunartíma, t.d. um nætur, á frídögum og á veturna er þessi aðstaða víða lokuð og versnar þá aðgengi að salernum til muna. Viðmælendur voru allir sammála um að mikill skortur er um allt land á boðlegum almenningssalernum sem eru undir eftirliti þjónustuaðila og opin eru allan sólarhringinn alla daga ársins.

Hver einn og einasti ferðamannastaður sem listaður var upp í þessari skýrslu er annað hvort innan þjóðgarðs, fólkvangs, friðlands, friðlýst náttúruvætti eða friðlýstar náttúruminjar (Umhverfisstofnun, 2016). Þar af eru þó nokkrir staðir á rauðum og appelsínugulum lista Umhverfisstofnunar yfir svæði í hættu á að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til (Umhverfisstofnun, 2014). Því er mikilvægt að byggja upp aðstöðu á þessum stöðum sem tekið getur á móti þeim fjölda ferðamanna sem staðina sækja og er viðunandi salernisaðstaða nauðsynlegur hluti þeirrar uppbyggingar. Með þeim niðurstöðum sem hér eru settar fram, auk væntanlegrar niðurstöðu næsta áfanga sem fjallar um þarfagreiningu og kostnaðarmat, verður hægt að forgangsraða verkefnum og ráðast sem fyrst í nauðsynlega uppbyggingu þar sem þörfin er mest hverju sinni.

## 6 Heimildir

- Ferðamálastofa. (17. maí 2016). *Fjöldi ferðamanna*. Sótt frá Ferðamálastofa: <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna>
- Guðmundsson, R. (2015). *Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum 2005-2014*. Hafnarfjörður: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.
- Guðmundsson, R. (2016). *Vatnajökulþjóðgarður ferðamenn 2005-2015*. Hafnarfjörður: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.
- Ólafsson, R., & Þórhallsdóttir, G. (2015). *Fjöldi ferðamanna á átta áfangastöðum á Suður- og Vesturlandi 2014 til 2015*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Reykjavíkurborg. (2016). *Almenningssalerni í Reykjavík - Stefna og staða 2016*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.
- Sæþórsdóttir, A. D. (2015). *Þolmörk ferðamanna á átta vinsælum ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi sumarið 2014*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Thorstensen, E. B. (2014). *Umhverfisáhrif ferðaþjónustu - Sorphirða, salernisaðstaða og fráveitna í Landmannalaugum, Ásbyrgi og við Gullfoss*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Umhverfisstofnun. (2014). *Rauði listinn - svæði í hættu*. Reykjavík: Umhverfisstofnun.
- Umhverfisstofnun. (12. maí 2016). *Náttúruminjaskrá*. Sótt frá Umhverfisstofnun: <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/>
- Vegagerðin. (17. maí 2016). *Gæðahandbók þjónustudeildar - Áningarstaðir á Íslandi*. Sótt frá Vegagerðin: <http://www.vegagerdin.is/sthbthjon.nsf/>
- Samtöl við 55 aðila innan ferðaþjónustunnar og tengdum stofnunum á tímabilinu 1. mars til 12. apríl.

## VIÐAUKI A

Yfirlit yfir stöðu salernismála á ferðamannstöðum.

Staður	Fj. ferðamanna árið 2015	Staða salernismála	Aðstæður almennt	Fyrirhugaðar framkvæmdir?	Utan hefðbundinna opnunartíma
<b>Vesturland</b>					
Seltún	144.000	Ábótavant	Tvö salerni sem eru lokað á veturna. Búið að byggja upp göngustíga og bílastæði en salernisaðstaða hefur setið á hakanum. Seltún er innan Reykjanesfólkvangs.	Halda á áfram að byggja upp palla, göngustíga og bílastæði en ekkert áformað með salerni.	Opið allan sólarhringinn yfir sumarið, lokað á veturna
Gunnhver	174.000	Slæmt ástand	Engin salernisaðstaða. Bráðvantar. Gunnhver og Reykjanestáin er á náttúruminjaskrá.	Samstarf milli Reykjanes Geopark og Reykjanes fólkvangs um uppbyggingu á svæðinu. Komið deiliskipulag að svæðinu við Reykjanestá og þar er gert ráð fyrir tveim þjónustuhúsum. Auglýst var eftir fjárfestum til að byggja upp þjónustuaðstöðu og bærust fjórar umsóknir. Plön um þjónustuhús fyrir Reykjanes Geopark við tjaldsvæðið í Grindavík. Ekkert planað af hálfu Reykjanes Geopark í sumar varðandi salernisaðstöðu við ferðamannastaði. Einkaaðili, Friðrik VIII, ætlar að hefja uppbyggingu bráðlega á þjónustu- og söluskála á einkalandi við Reykjanesvíta.	Engin salernisaðstaða
Brú milli Heimsálfa	174.000	Slæmt ástand	Engin salernisaðstaða.	Ekkert fyrirhugað.	Engin salernisaðstaða
Þingvellir	645.000	Við þolmörk	Aðstaða góð en við þolmörk, sérstaklega vantar á öðrum stöðum en við Hakið.	Eru að vinna að því að bæta virkni hreinsistöðvar. Það eru 26 salerni við Hakið og er gjaldtaka inn á þau. Áætlað að bæta 10 salernum til viðbótar við nýtt bílastæði við Hakið. Hafa sótt um í framkvæmdasjóð ferðamannastaða til að setja upp varanleg salerni við Langastíg, Valhöll og Þingplan en ekkert komið úr því ennþá. Ætla að setja upp tímabundna kamra á þessa staði fyrir sumarið 2016.	Sjálfvirk salerni, alltaf opin.



STJÓRNSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

Glymur	< 50 þús	Slæmt ástand	Engin aðstaða. Mjög mikið af göngufólki og vöntun er á aðstöðu. Glymur og nágrenni er á náttúruminjaskrá.	Ekkert fyrirhugað.	Engin salernisaðstaða
Deildar- tungu- hver	148.000	Ábótavant	Engin aðstaða.	Um miðjan júní opnar kaffihús/veitinastaður með salerni en líklega bara aðgengilegt viðskipavinum.	Engin salernisaðstaða
Hraunfossar	148.000	Við þolmörk	Lítið salernishús sem aðili á svæðinu sér um að þjónusta daglega.	Ekkert fyrirhugað.	Opið allan sólarhringinn allt árið, hafa verið truflanir yfir vetrartímann.
Víðgelmir		Ábótavant	Bara hægt að fara í hellinn með leiðsögn.	Ekkert fyrirhugað.	Engin salernisaðstaða
Surtshellir		Ábótavant	Engin aðstaða. Vantar mjög en landið er einkaland.	Ekkert fyrirhugað.	Engin salernisaðstaða
Glanni		Í lagi	Salernishús. Sveitarfélagið er með samning við golfkúbbinn um að hann sjái um húsið.	Ekkert fyrirhugað.	Líklega lokað yfir vetrartímann.
Grábrók	240.000	Slæmt ástand	Slæmt ástand. Ekkert salerni við bílastæðið eða gönguleiðina. Grábrókargígar eru friðað náttúruvætti og á lista UST yfir svæði í hættu( <i>appelsínugult svæði</i> ).	Borgarbyggð hefur fengið afnot af 5 salernum í Hreðavatnsskála fyrir ferðamenn. Verið að vinna í að tengja fráveituna þaðan við fráveitukerfið á Bifröst.	Líklega lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Arnarstapi	285.000	Ábótavant	Salernisaðstaða á tjaldsvæðinu og kaffihúsi.	Vinna hefst í sumar við uppbyggingu á þjónustulóðum.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Hellnar	285.000	Slæmt ástand	Kaffihús og gestafstofa þjóðgarsins eru opin ferðamönnum.	Gestastofan er að flytja í burtu en kaffihúsið verður áfram opið ferðamönnum.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Lóndrangar	285.000	Í lagi	Ekkert eins og er.	Gestastofa á Hellnum verður færð á Malarrif/Lóndranga og þar verður hægt að komast á 2 salerni utan frá allan sólarhringinn. Inni verða 3 salerni. Tekur til starfa í byrjun maí 2016.	Tvö salerni sem alltaf eru opin.
Djúpalóns- sandur	97.000	Ábótavant	Salernin við Djúpalónssand eru bara virk á sumrin. Ekkert rennandi vatn þar svo díseldæla dælir vatni í 1000 lítra tank svo það sé hægt að sturta niður.	Búið að sækja um styrk fyrir deiliskipulagsvinnu við Djúpalónssand.	Salerni lokað á veturna.

Eiríksstaðir í Haukadal	10.000	Í lagi	Salerni á staðnum fyrir gesti.	Ekkert fyrirhugað.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
<b>Vestfirðir</b>					
Dynjandi	57.000	Við þolmörk	Lítið salernishús rekið af UST, opið allan sólarhringinn. Annar ekki álagi á stórum dögum.	Skv. verndar- og stjórnunaráætlun UST á að hefja stækkun salernisaðstöðu 2017.	Eitt þurrsalerni opið yfir vetrartímann.
Látrabjarg	61.000	Slæmt ástand	Við Látrabjarg er mjög fátækleg salernisaðstaða við tjaldstæðið að Brunnum í Látravík sem annar engan vegin eftirspurn og er í töluverðri fjarlægð frá bjarginu sjálfu. Salernin eru reglulega óvirk sökum álags. Látrabjarg er á náttúruminjaskrá.	Fékkst styrkur úr frkv.sjóð ferðamannastaða í mars 2016 til að byggja upp salernisaðstöðuna að Brunnum í Látravík. Unnið er að friðlýsingu svæðisins og þá mun UST taka svæðið yfir. UST hefur séð um landvörslu undanfarin ár þó það hafi ekki umsjón með svæðinu. Enn sem komið er er svæðið á ábyrgð sveitarfélagsins (og landeigenda).	Lokað á veturna.
Rauði-sandur	< 50 þús	Í lagi	Salerni í boði á tjaldsvæðinu.		Lokað á veturna.
<b>Norðurland</b>					
Hvítskerur	104.000	Í lagi	Búið að semja við Ferðapjónustuna að Ósi um að útvega og þjónusta salernisaðstöðu.	Stækkun bílplans og stígagerð.	Líklega opið utan hefðbundinna opnunartíma.
Borgarvirki	50 - 100 þús	Slæmt ástand	Ekkert salerni. Borgarvirki og nágrenni er á náttúruminjaskrá.	Minjastofnun vinnur að deiliskipulagi fyrir svæðið og þar er gert ráð fyrir salernum.	Engin salernisaðstaða
Kolugljúfur	< 50 þús	Slæmt ástand	Svæðið mjög troðið og óöruggt, fólk labbar fram á ystu nöf gljúfranna. Lítið bílplan með nestisbekk og ruslatunnu. Kolugljúfur eru á náttúruminjaskrá.	Styrkur fékkst til að byrja vinnu við að skipuleggja svæðið. Málin á algjöru frumstigi.	Engin salernisaðstaða
Vatnsdals-hólar	< 50 þús	Í lagi	Lítið vegasalerni á vegum sveitarfélagsins.	Nýbúið að samþykka deiliskipulag fyrir svæðið. Sveitarfélagið vill rafmagn í salernin en það mál stoppar á því að RARIK vill fullt verð og öll gjöld. Stefnt að uppbyggingu þjónustustöðvar í framtíðinni. Landeigendur tefja einnig uppbyggingu, eru hræddir um að missa beitarland fyrir hrossin sín. UST stoppar uppbyggingu	Lokað á veturna.

				útsýnispalls ofan á einum hólnum.	
Klaustur- stofa	15.000	Í lagi	Flott þjónustuhús á staðnum.	Ekkert fyrirhugað.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Laufás	20.000	Í lagi	Þjónustuð salerni á staðnum.	Ekkert fyrirhugað.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Goðafoss	300.000	Slæmt ástand	Lítið bílastæði mjög nálægt fossinum og engin salerni. Þarf að labba samtals rúman km til að komast á salerni í versluninni á Fosshóli. Fólk gerir þarfir sínar í hrauninu við bílastæðið. Goðafoss er á náttúruminjaskrá.	Við Goðafoss er nýsamþykkt deiliskipulag en ekki er gert ráð fyrir salernisaðstöðu við nýtt bílastæði sökum andstöðu landeiganda. Hingað til hefur verið samningur við gistiheimilið á Fosshóli um afnot af salernisaðstöðu en þeim samningi var sagt upp af gistiheimilinu snemma á árinu 2016. Verslunareigandi á staðnum ætlar að setja upp salernisgáma til bráðabirgða en í framtíðinni ætlar hann að stækka við og byggja þjónustuaðstöðu. Hefur verið vatnsskortur, sveitarfélagið tekur þátt í því að bora eftir vatni.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Aldeyjar- foss	25.000	Slæmt ástand	Gamall og lítill kamar frá 1997 við bílastæðið. Lítið og lélegt malarbílastæði. Svæðið töluvert troðið. Aldeyjarfoss er á náttúruminjaskrá.	Ekkert fyrirhugað.	Alltaf opið en bara einn lítill og gamall kamar.
Skútustaða- gígar	354.000	Í lagi	Mývatnssvæðið í heild er við þolmörk en aðstaðan við	Engar framkvæmdir fyrirhugaðar af sveitarfélaginu, bara einkaaðilar og UST sem bjóða upp á aðstöðu. Framkvæmdir hafa tafist sökum erfiðleika við að ná samningnum við landeigendur. Salernishús við Hverfjall verður tekið í notkun vorið 2016.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Höfði	354.000	Ábótavant	Dimmuborgir létti töluvert á öðrum stöðum. Sárvantar almenningsalerni í þorpinu í Reykjahlíð, þar eru tvö salerni við búðina og 3 í þjónustumiðstöð		Líklega lokað yfir vetrartímann.
Dimmu- borgir	354.000	Í lagi	Umhverfisstofu. Engin aðstaða við Hverarönd.		Alltaf opið, sjálfssali inn á salerni.
Hverfjall	354.000	Í lagi	Tvö salerni við Leirhnjúk en þau eru ekki alltaf í rekstri. Engin aðstaða við Grjótagjá.		Líklega lokað yfir vetrartímann.
Grjótagjá	354.000	Ábótavant			Engin salernisaðstaða
Krafla	354.000	Slæmt ástand			Tvö salerni yfir en allur gangur á því hvort þau séu opin eða í


					lagi. Lokuð á veturna.
Hverarönd	354.000	Slæmt ástand			Engin salernisaðstaða
Ásbyrgi	121.000	Í lagi	Vatnajökulsþjóðgarður með góða gestastofu.	Ekkert fyrirhugað.	Lokað á veturna og utan hefðbundins opnunartíma.
Hljóða-klettar	50 - 100 þús	Ábótavant	Lítill landvarðarkofi.	Ekkert fyrirhugað.	Engin salernisaðstaða
Dettifoss	258.000	Slæmt ástand	Gríðarlega mikið álag. Núverandi salerni anna engan vegin eftirspurn og eru oft í slæmu ásigkomulagi. Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni er friðlýst náttúruvætti.	Fullhannað salernis- og þjónustuhús er tilbúið en framkvæmdir hafa verið stöpp lengi þar sem erfiðlega gengur að ná samningum við landeigendur.	Engin salernisaðstaða
<b>Austurland</b>					
Ysti-Rjúkandi	50 - 100 þús	Ábótavant	Nýr áningarstaður/ferðama nnastaður en engin salernisaðstaða.	Ekkert fyrirhugað.	Engin salernisaðstaða
Hengifoss	50 - 100 þús	Slæmt ástand	Allt of lítil aðstaða, örtröð á skemmtiferðaskipadögum. Sveitarfélagið er búið að leggja rafmagn í salernin til að lengja opnunartíma. Svæðið mjög troðið og hefur látið á sjá. Hengifoss og næsta nágrenni er á náttúruminjaskrá.	Búið að skipuleggja nýtt þjónustuhús, uppbyggingu göngustíga og aðstöðu. Á að efna til hugmyndasamkeppni um svæðið og hafa hönnun á byggingu tilbúna á næsta ári. Á að stækka bílaplan 2016.	Alltaf opið.
Skriðuklaustur	61.500	Í lagi	Skriðuklaustur og Snæfellsstofa eru hlið við hlið og er aðstaðan ný og góð.	Ekkert fyrirhugað.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Hallormsstaðaskógur	50 - 100 þús	Í lagi	Enginn einn sérstakur álagsblettur á svæðinu, dreifist um trjásafnið, Atlavík og göngustíga í nágrenninu. Salerni á svæðinu ná að anna eftirspurn.	Ekkert fyrirhugað.	Lokað á veturna.
Helgustaðanámur	15.000	Við þolmörk	Ekkert salerni, hafa verið fluttir færanlegir kamrar á svæðið á dögum þegar skemmtiferðaskip koma til Eskifjarðar. Svæðið er friðlýst náttúruvætti og hefur látið verulega á	Salernishús verður reist sumarið 2016 um leið og vegurinn inn að námu opnar.	Lokað á veturna.

			sjá og hefur frá 2010 verið á rauðum lista UST yfir staði í hættu vegna skemmda.		
Teigarhorn	40.000	Ábótavant	Reynt hefur verið að byggja upp alla aðstöðu áður en fjöldi ferðamanna eykst mikið. Hefur tekist vel hingað til og eru allt stígakerfi tilbúið og aðstaða orðin nokkuð góð. Hinsvegar bara eitt þjónustað salerni sem er bara opið á opnunartíma safnsins og lokað á veturna sökum frostvandamála í pípum.	Sveitarfélagið er í því að byggja upp aðstöðu ásamt UST.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma og á veturna.
<b>Suðurland</b>					
Reykjadalur við Hveragerði	34.000	Við þolmörk	Lítið salernishús við bílastæðið.	Í mars 2016 fékkst styrkur úr frkv.sjóð ferðamannastaða til að frumhanna nýja salernisaðstöðu.	Lokað á veturna.
Kerið í Grímsnesi	50 - 100 þús	Slæmt ástand	Fólk þarf að borga sig inn en engin salernisaðstaða. Kerið er á náttúruminjaskrá.	Ekkert fyrirhugað.	Engin salernisaðstaða
Geysir	1.232.000	Við þolmörk	Viðunandi, þó biðraðir á slæmum dögum. Salerni eru á vegum einkaaðila.	Ekkert fyrirhugað.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Gullfoss	1.232.000	Ábótavant	Þarf að bæta við klósettum, gestir þurfa að labba í gegnum búð til að komast á salerni. Salerni eru á vegum einkaaðila.	Ekkert fyrirhugað.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Þjóðveldisbærinn Stöng	168.000	Við þolmörk	Almenningssalerni á vegum sveitarfélagsins	Ekkert fyrirhugað.	Lokað á veturna.
Háifoss	50 - 100 þús	Ábótavant	Engin aðstaða.	Ekkert fyrirhugað.	
Gjáin	168.000	Slæmt ástand	Engin aðstaða.	Ekkert fyrirhugað.	Engin salernisaðstaða
Hjálparfoss	168.000	Við þolmörk	Engin aðstaða eins og er, verður betra sumarið 2016.	Sveitarfélagið ætlar að koma upp heilsárssalernisaðstöðu vorið 2016 í samráði við Skógrækt Ríkisins.	Alltaf opið.
Seljalandsfoss	462.000	Slæmt ástand	Gríðarlega mikið álag á staðnum. Salernin anna enganvegin eftirspurn. Seljalandsfoss er á náttúruminjaskrá.	Rangárþing Eystra sótti um í Framkvæmdastjóð Ferðamannastaða fyrir bráðabirgða salernisaðstöðu við Seljalandsfoss en fékk ekki.	Alltaf opið.

Skógafoss	462.000	Ábótavant	Gríðarlega mikið álag á staðnum. Salernin anna ekki eftirspurn. Salernin eru líka of langt frá og nýtast því ekki sem skyldi.	Ekkert fyrirhugað.	Alltaf opið.
Sólheimajökull	193.000	Ábótavant	Fá privat salerni á kaffihúsi við bílastæðið, vantar opin almenningssalerni.	Nýtt deiliskipulag fyrir svæðið er í vinnslu.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Dyrhólaey	> 250.000	Við þolmörk	Engin salernisaðstaða og of lítil bílastæði. Verður skárri sumarið 2016.	Veitt hefur verið framkæmdaleyfi fyrir því að byrjað verði á framkvæmdum sem byggðar eru á samþykktu deiliskipulagi fyrir Dyrhólaey. Innan þeirra framkvæmda er reiknað með salernis og aðstöðuhúsi á láeynni allt að 100 m <sup>2</sup> samkvæmt deiliskipulagi. Þessi framkvæmd á að fara af stað fyrir sumarið. UST er að koma fyrir sjálfsafgreiðslusalernum líkt og eru á Hakinu við Þingvelli.	Sjálfvirk salerni, alltaf opið.
Reynisfjara	> 250.000	Í lagi	Kynjaskipt salerni eru á veitingastaðnum sem eru aðgengileg að utan gegn gjaldi.	Ekkert fyrirhugað.	Sjálfvirk salerni, alltaf opið.
Vík	> 250.000	Við þolmörk	Almenningssalerni eru í upplýsingamiðstöð (Brydebúð/Halldórskafti). Annars er það Víkurskáli/ströndin, tjaldsvæðið, Suður-Vík veitingastaður og Berg veitingastaður á Icelandair hótél. Allt eru það salerni háð rekstri.	Ekki er reiknað með uppbyggingu fleiri salerna í Vík fyrir sumarið. Hugsanlega verður þjónustumiðstöð við tjaldsvæðið stækkuð fyrir sumarið og bætast þá við fleiri salerni þar. Lóð hefur verið úthlutað fyrir verslunarkjarna við hlið Icewear (Víkurprjón) þar sem reiknað er með töluverðum fjölda salerna. Sú framkvæmd fer þó líklega ekki af stað fyrr en um sumar/haustið 2016.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Fjaðrárgljúfur	50 - 100 þús	Í lagi	Lítið salernishús, kynjaskipt salerni og salerni fyrir hreyfihamlaða.	Ekkert fyrirhugað.	Lokað á veturna.
Langisjór	15.000	Í lagi	Lítið salernishús sett upp Vatnajökulspjóðgarði.	Ekkert fyrirhugað.	Lokað á veturna.
Eldgjá	39.000	Í lagi	Lítið salernishús sett upp Vatnajökulspjóðgarði.	Ekkert fyrirhugað.	Lokað á veturna.


Eldhraun	50 - 100 þús	Ábótavant	Engin aðstaða. Mjög vinsæll stoppustaður fast við Þjóðveg 1.	Fyrirhuguð salernisaðstaða samkv. deiliskipulagi, fer ekki í framkvæmd fyrir sumarið	Lokað á veturna.
Kirkjubæjarklaustur	> 250.000	Við þölmörk	Á Kirkjubæjarklaustri eru almenningssalerni í þjónustu og upplýsingamiðstöð í félagsheimilinu Kirkjuhvoli. Þar eru einnig kynjaskipt salerni. Salerni eru á bensínstöð og á tveimur tjaldsvæðum, en það eru ekki almenningssalerni heldur salerni tengd rekstri.	Ekkert fyrirhugað.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Skaftafell	413.000	Í lagi	Góð aðstaða. Þó vantar stundum fleiri salerni.	Frumhönnun á aukinni salernisaðstöðu og betri fráveitu er hafin. Þjóða á út fljótlega byggingu á nýjum salernishúsum.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.
Svínafellsjökull	95.000	Ábótavant	Engin aðstaða, Freysnes í næsta nágrenni.	Ekkert fyrirhugað.	Engin salernisaðstaða
Fjallsárlón	70.000	Ábótavant	Engin aðstaða.	Framkvæmdir eru að hefjast við nýtt þjónustuhús. Verður líklega ekki tilbúið fyrir sumarið 2016.	Engin salernisaðstaða
Jökulsárlón	460.000	Slæmt ástand	Hræðileg aðstaða, annar engan veginn eftirspurn. Lítil skúr sem á að sinna þúsundum manna, malarplan sem verður drullusvað í rigningum. Jökulsárlón er á náttúruminjasrá.	Jörðin er komin í almennt söluferli skv. ákvörðun Sýslumannsins á Suðurlandi. Ágreiningur milli landeiganda hefur stöðvað alla uppbyggingu.	Lokað utan hefðbundins opnunartíma.

## VIÐAUKI B




Mynd B.1: Ástand salernismála á helstu ferðamannastöðum að degi til um sumar.





Mynd B.2: Ástand salernismála á helstu ferðamannastöðum um miðnætti að sumri til.



Mynd B.3: Ástand salernismála á helstu ferðamannastöðum að degi til um vetur.